

Nr. 22-012 S 008 Hoffell SU 80***Skipverji slasast í andliti***

Skipaskr.nr. 2885
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1999, stál
Stærð: 1775,7 BT.
Mesta lengd: 68,10 m Skráð lengd: 60,77 m
Breidd: 12,60 m Dýpt: 8,40 m
Vél: MAK 1998, 4320 kW
Fjöldi skipverja: 9



Hoffell SU© Jónína Óskarsdóttir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. janúar 2022 var Hoffell SU 80 á veiðum með flottroll á Austfjarðamiðum. Veður: V 20-25 m/s. Ölduhæð 3-5 m.

Skipverjar voru að taka trollið. Svokallaður dragnótarlás var fastur í pokanum. Þegar skipverji var að rykkja í lásinn kom ólag á skipið og losnaði hann við það og lenti í andliti skipverjans.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Um borð í skipinu er öryggisnefnd, öryggisstjórnunarkerfi og skriflegar verklagsreglur.
- Skipverjinn sem slasaðist var að losa dragnótarlás sem þjónaði því hlutverki að vera öryggi ef sterturinn slitnaði.
- Dragnótarlásinn (*sjá mynd*) var grafinn ofan í pokann og þurfti átak við að losa hann.



Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.